

■ MATUR

Friðriki Val Karlssyni finnst íslensk kjötsúpa og plokkfiskur frábær. „Ég er líka voða veikur fyrir matarhefðum“ | Síða 23

■ MENNING

Soffía Gísladóttir er ljósmyndari. „Ég fæ miklu meira út úr góðum ljósmyndum en fallegum málverkum“ | Síða 18

Grunnskólakennarar vilja útrýma tröllasögum um vinnutíma:

Kennarar í ímyndarherferð

■ Eru ekki alltaf í fríi ■ Svipuð vinnuskylda ■ Of mikil áhersla á annað en kennslu

Eftir Trausta Hafsteinsson

trausti@bladið.net

Í smíðum er upplýsingabæklingur þar sem vinnutími grunnskólakennara er útskýrður í megindráttum og verður hann sendur í öll hús á næstu dögum.

„Í gegnum tíðina hefur verið þrálátur orðrómur og allskonar tröllasögur um vinnutíma og ekki vinnutíma kennara. Þessi bæklingur er hugsaður til þess að fólk geti kynnt sér fyrirkomulag vinnutímans, ef það hefur áhuga á því,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Bæklingurinn skiptist niður í ýmsa verkþætti og lengri jóla-, páska- og sumarfrí eru útskýrð. Ólafur bendir á að þegar öllu sé á botninn hvolft sé vinnuskyldan sú sama. „Allir kennarar í fullu starfi skila sínum klukkustundum líkt og aðrir,“ segir Ólafur.

Einar Magnússon, skólastjóri Hagaskóla, segir það hið besta mál að vinnutími kennara sé útskýrður með málefnalegum hætti. Hann segir sína reynslu góða þar sem kennarar víkist ekki undan vinnuskyldu. „Það er í raun alveg kýrskýrt að kennarar sinna vel sínu starfi, það er mín reynsla að minnsta kosti. Á móti fríum vinna kennarar vinnutímamann upp annars staðar, það er samningsbundið,“ segir Einar. „Vandinn er sá að starf kennarans er sérhæft og erfitt að bera það saman við hvaða starf sem er. Okkar viðfangsefni er lifandi fólk.“

Haraldur Ólafsson, prófessor í veðurfræði, fylgist með skólastarfi en segist þó í raun vita lítið um hver raunverulegur vinnutími kennara sé. Hann hefur áhyggjur af því að of mikil áhersla sé lögð á annað en grunnatriði skólastarfsins. „Stundum læðist að mér sá grunur að önnur verkefni en kennsla

hafi náð að þröngva sér fullhætt á forgangslista skólanna. Jafnt og þétt hefur nemendum á hvern kennara fækkað undanfarin ár. Þrátt fyrir það hvarflar að manni að í staðinn fyrir að meiri tími nýtist í kennslu og undirbúning hennar, hafi önnur verkefni læst inn,“ segir Haraldur. „Í flestum rekstri hefur skipulag, stjórnun og umsýsla haft ríka tilhneigingu til að vaxa mikið á kostnað grunnverkefna. Í skólastarfi, sem og öllu öðru starfi, skulu menn gæta þess að verja tíma vel.“

Aðspurður telur Ólafur orðróminn um minni vinnutíma kennara byggðan á misskilningi þar sem vinnutími þeirra sé ekki ávallt bundinn við skólabýgginguna. „Við höfum reglulega gert kannanir þar sem kemur skýrt í ljós að fólk heldur að kennarar fái meira frí en aðrir og skili minna vinnuframlagi. Bæklingurinn er raunverulega bara útskýring á því að svo er ekki,“ segir Ólafur.

FRÉTTIR

Útilokar ekki frekari hækkanir

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að stýrivextir skuli haldast óbreyttir enn um sinn, eða 14,25 prósent. Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir þó að frekari hækkanir séu ekki útilokaðar þar sem enn sé mikið ójafnvægi í þjóðarþúskapnum.

Ákvörðunin nú byggir á því að verðbólga hafi hjaðnað frá síðustu vaxtaákvörðun og að verðbólguhorfur til skamms tíma hafi batnað þótt hún sé enn langt yfir verðbólguþröngmið bankans. Á móti komi að gríðarlegur viðskiptahall feli í sér að stöðugleiki krónunnar sé háður vilja alþjóðlegra fjárfesta og lánardrottna til að fjármagna hann. Þetta hafi áhrif á stöðugleika krónunnar, og komi til lækkunar á gengi hennar muni verðbólguhorfur versna á ný.

Þar sem ekki sjáist enn merki um minnkandi spennu á vinnumarkaði og laun hafi hækkað langt umfram framleiðni undanfarin ár, gætu frekari verðlagsáhrif átt eftir að koma fram.



Vextir óbreyttir enn um sinn Bankastjórn Seðlabankans tilkynnti í gær þá ákvörðun sína að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum. Þrátt fyrir að verðbólga hafi hjaðnað að undanförmu og verðbólguhorfur til skamms tíma séu góðar, sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri að frekari vaxtahækkanir væru ekki útilokaðar.

FÓLK

>> síða 14



Heldur með Eiríki

Tomas Lundin er landsmönnum að góðu kunnur úr Eurovision. „Þau íslensku lög sem ég hef heyrt í ár eru öll mjög góð.“

VEÐUR

>> síða 2

Kalt

Hæg austlæg átt, en 8-13 m/s syðst. Skýjað og stöku el suðaustantil, en annars yfirleitt léttskýjað. Hiti 1 til 4 stig við suðurströndina, en annars frost 0 til 15 stig.




VIÐTAL

>> síður 24-25

Kann orðið tókin

Guðmundur Pétursson tónlistarmaður hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi á undanförmum árum og sett mark sitt á hljómplötur ýmissa tónlistarmanna.



100% íslenskur ostur
STÓR PIZZA
MEÐ 2 ÁLEGGJUM OG BRAUÐSTANGIR
1.590,- EF ÞÚ SÆKIR.
Mjódd Dalbraut 1 Hjarðarhaga 45
5 68 68 68

FRÉTTIR >> síða 4

Flestir á móti reykingum

Landsmenn eru langflestir sáttir við reykingabann inni á veitingahúsum. Samkvæmt skoðanakönnun Blaðsins sem gerð var á laugardaginn eru 82,5 prósent hlynnt banninu en 17,5 prósent andvíg því. Lítil munur er á afstöðu kynjanna til bannsins.

30% FATA OG BÚTASAMSEFNI
Tilboðsborð aðeins þrjú verð: kr. 200 400 og 600
30% VALIN GARDÍNUEFNI
Vogue
Opíð virka daga 10-18 og laug. 11-15
Mörkinni 4, Reykjavík, sími: 533 3500
Hofsbot 4, Akureyri - Miðvangi 1, Egilsstöðum

Þú sparar 1.125 kr/kg

42% afsláttur

1.554 kr/kg. áður 2.679 kr/kg.
Íslandsfugl Kjúlingabringur - ferskar

67 kr/kg.
Vatnsmelóna

399 kr/stk. áður 499 kr/stk.
Freschetta Brickoven pizzur

allt í matinn á einum stað

netto